164 umbeðnu brauðaskipti verða samþykkt, að mínu áliti að ákveða eptirlaun hans, ef til
3. nóv. kemur, eptir 2. gr. nefndra laga.

Þar eð það í raun og veru eigi á vel við, að veita prestum brauð eða að samþykkja brauðaskipti í þeim tilgangi, að gefa hlutaðeigendum tækifæri til að sækja um lausn og þar eð það enn fremur er áríðandi, að slíkar beiðnir sjeu eigi byggðar á misskilningi, vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra biskup, að tilkynna prófastinum í Eyjafjarðarsýslu brjef þetta og gefa honum tækifæri til að láta á ný í ljósi álit sitt um hin umbeðnu brauðaskipti.

165 — **Ágrip af brjefi landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austurum-*
26. nóv. *dæminu* **um efling búnaðar.** — Eptir að landshöfðingi með brjefi frá 10. október hafði samþykkt, að eptirnefndum búnaðarfjelögum yrði veittur styrkur af fje því, sem með 9. gr. C. 4. fjárlaganna er veitt til eflingar búnaði um árið 1881.

1.	Búnaðarfjelagi Svínavatnshrepps	250 kr.	
2.	Framfarafjelagi Hrafnagilshrepps	35 —	
3.	—»— Saurbœjarhrepps	35 —	
4.	—»— Öngulstaðahrepps	100 —	
5.	—»— Skriðuhrepps	65 —	
6.	Búnaðarfjelagi í Fljótum og Siglufirði	125 —	
7.	Framfarafjelagi Fnjóskdœlinga	350 —	
8.	Búnaðarfjelagi Fellnahrepps	125 —	
9.	—»— Skriðdalshrepps	35 —	
10.	—»— Vallnahrepps	20 —	

skoraði landshöfðingi með þessu brjefi á amtmanninn, að taka til greina beiðni um 500 kr. styrk úr landssjóði, er komið hafði frá hinu sameinaða kynbóta og jarðabótafjelagi Skagfirðinga.

Af þeim hluta styrktarfjárins til eflingar búnaði, sem í ár hafði verið ætlað einstökum mönnum í norður- og austurumdœminu, alls 2000 kr., hafði verið veitt:

1.	Magnúsi Benjamínssyni til að kynna sjer vinnuvjelar, er að tóskap lúta (stjórnartíðindi 1881 B. 28)	400 kr.	»a.
2.	Torfa Bjarnasyni verðlaun fyrir ljái (sbr. stj.tíð. 1880 B. 120 og 177)	250 —	» -
3.	Guttormi Vigfússyni til að framast í búfræði erlendis	500 —	» -
4.	Jósepi Björnssyni, helmingur launa hans, sem ferða-búfræðings í Skagafirði (stjórnartíð. 1881 B. 71)	—	» -
5.	Baldvin Sigurðssyni og Steinþóri Bjarnasyni steinsmíðarverkfæri	186 —	75 -

166 — **Brjef landshöfðingja** *til póstmeistarans* **um skaðabœtur fyrir skemmdir á póst-**
28. nóv. **sendingu.** — Þar eð álíta má sannað af skilríkjum þeim, er fylgdu þóknanlegu brjefi yðar, herra póstmeistari, frá 25. þ. m., að 7 bögglsendingar til hins setta sýslumanns í Skaptafellssýslu, Sigurðar Ólafssonar, er samtals voru að þyngd 29 pd. 80 kv. og innihjeldu bœkur, hafi á leiðinni hjeðan til Prestsbakka í síðastliðnum septembermánuði þ. á. orðið fyrir talsverðum skemmdum sökum þess, að vatn hefir komizt í póstkoffortin, samþykkist, að greiða megi úr póstsjóðnum móttakanda skaðabœtur fyrir skemmdir þessar, og skulu skaðabœturnar, þar eð verðupphæð bögglanna var eigi til tekin, ákveðnar samkvæmt 13. gr. tilskipunar um póstmál á Íslandi frá 26. febr. 1872 til 1 kr. fyrir hvert pund eða alls 30 krónur.